



Dreifibréf til lánastofnana

12. apríl 2013
Tilvísun: 2013040028/13.1

Efni: Vegna endurútreiknings gengislána

Tilmæli til lánastofnana og fjármálafyrirtækja sem stýrt er af slitastjórn og dótturfélög þeirra sem halda utan um eignir þeirra

Í kjölfar hæstaréttardóma nr. 600/2011 og 464/2012 hafa lánastofnanir og tiltekin fjármálafyrirtæki sem stýrt er af slitastjórn og dótturfélaga þeirra sem halda utan um eignir þeirra (eftirleiðis nefndar lánastofnanir) hafið endurútreikning öðru sinni á lánum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla en fyrri endurútreikningur byggði á lögum nr. 151/2010 sem breyttu m.a. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Af dómaframkvæmd er ljóst að sum þeirra lána sem tengd eru við gengi erlendra gjaldmiðla teljast lögleg erlend lán sbr. m.a. hæstaréttardóma nr. 524/2011 og 332/2012.

Fjármálaeftirlitinu hafa borist ábendingar þess efnis að lánastofnanir hafi undanfarið sent lántökum bréf þess efnis að lán þeirra séu lögleg erlend lán og muni ekki verða endurreiknuð frekar en gert var á grundvelli laga nr. 151/2010.

Í þessu samhengi beinir Fjármálaeftirlitið því til lánastofnana sem hafa komist að þeirri niðurstöðu við hinn síðari endurútreikning að lán tiltekinna viðskiptavina teljist lögmæt erlend lán að grípa til eftirfarandi viðbragða:

- Senda viðskiptavinum bréf þess efnis að frekari endurútreiknings sé ekki að vænta.
- Að í bréfinu sé rökstutt á hvaða forsendum fyrirtækin hafi komist að þeirri niðurstöðu að um lögleg erlend lán sé að ræða m.a. með tilvísun til dómafordæma og með hvaða hætti viðkomandi lán heyri undir viðkomandi fordæmi með samanburði lánsins við þau fordæmi sem stuðst er við.
- Að í bréfinu komi fram upplýsingar um þau úrræði sem viðskiptavinir geti gripið til vilji þeir ekki una niðurstöðu fyrirtækisins, sem er m.a. að bera málið undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sbr. 19. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eða dómstóla.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum er tilgangur laganna að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi. Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga er áréttað að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Með viðskiptasambandi stofnast trúnaðarskylda fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptamanni. Í slíkri trúnaðarskyldu felst m.a. að veita viðskiptavinum réttar og nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptasambandið þannig að hann geti gætt hagsmuna sinna á sem bestan hátt.

Töluverðar óvissu hefur gætt í kjölfar dóma Hæstaréttar þar sem lán tengd við gengi



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

erlendra gjaldmiðla hafa ýmist verið dæmd ólögmæt eða lögmæt. Margir viðskiptavinir með slíka lánsamninga eru almennt annað hvort einstaklingar eða lítil fyrirtæki sem hafa ekki sérfræðipækningu á þessu sviði. Lánastofnanir búa hins vegar yfir sérfræðipækningu í þessum efnum og stendur þeim því nær að eyða óvissu þeirra viðskiptavina sem að þeirra mati eru með lögleg erlend lán hvað framanritað varðar.

Fjármálaeftirlitið veitir nánari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

G. Áslaug Jónsd.
Guðrún Áslaug Jónsdóttir